

**Snorri
Sturluson**

og íslenskt

**þjóðar –
hlutverk**

Það er óhætt að gera ráð fyrir því, að margt verði á þessum dögum skrifað og sagt um Snorra Sturluson vegna dánarafsmælis hans 23. þ. m.; en það þarf heldur ekki að efast um, að varla mun eins og vert er, verða bent á það vanþakklæti, sem bæði samtíð og seinni kynslóðir hafa sýnt gagnvart þessum Íslendingi, sem var einn af ágætustu snillingum heimsbókmentanna. Það kemur vel í ljós hversu hátt Snorri gnæfir, ef vjer berum hann saman við skáldjöfra Norðmanna, Björnson og Ibsen. Hróður þessara manna er þegar tekinn að dofna, en hróður Snorra hefir á síðari öldum sífellt farið vaxandi; og á eftir að vaxa enn. En þó voru þessi rit hans, sem nú eru svo fræg orðin, eigi meira metin af Íslendingum samtíðar hans en það, að jafnvel hinn vitri og góði maður, Sturla Þórðarson, bróðursonur hans, nefnir þau ekki á nafn í því sem hann hefir um Snorra ritað; aðeins er þess getið, að þegar „tók at batna með þeim Snorra ok Sturlu“ (Sighvatssyni), þá var Sturla löngum í Reykholti „ok lagði mikinn hug á að lúta rita sögu-bækur eftir bókum þeim er Snorri setti saman“.

Það er aðeins vegna Sturlu Sighvatssonar sem á þetta er minnst, og ekki hefir þótt taka því, að geta um hverjar þessar sögubækur voru; er þó líklegt, að þeirra á meðal hafi verið Egils saga Skallagrímssonar, þetta snildarverk, sem ber svo langt af öll-

um Íslendingasögum öðrum, að Njálu einni undanskilinni. En að Egilssaga er eftir Snorra getur ekki verið neitt vafamál, því að það má með vissu ráða af mál-farinu (stílnum), eins og jeg hefi sýnt fram á í þeim kafla Nýals sem heitir „Íslenska Snorra Sturlusonar“, og í ritgerðinni „Höfundarmark á Íslendingasögum“, en hún stendur í bók þeirri, sem jeg nefni Framnýal, er lengi hefir verið fullsett, og ef til vill má vona, að fari nú að koma út bráðum.

Þess má láta getið hjer, að orðið „feginsamlega“ kemur 8 sinnum fyrir í Heimskringlu, en 6 sinnum í Eglu, en í Njálu aldrei. En af röksemdum þeim, sem lesa má í áðurnefndri ritgerð í Framnýal, má ráða, hversu þýðingarmikið höfundarmark þarú er um að ræða.

II.

Snorri Sturluson fekk litlar þakkir af Íslendingum fyrir að afstýra því, að Norðmenn færu herferð hingað til lands, og má þó telja víst, að honum hafi aldrei til hugar komið, að reyna til að leggja landið undir Noregskonung. Annað mál er það, að hann mun ekki, sem von var, hafa treyst sjer til að segja upp í opið geðið á Noregshöfðingjum, að ekki væri til neins að fara slíks á leit við sig. En þar sem menn hafa á síð-

ari tímum verið að tala um „veilurnar í skapgerð Snorra“, virðist mér kenna nokkurs vanskilnings á því, að þessi, mér liggur við að segja óviðjafnanlegi fræðimaður, sem sennilega hefir kunnað íslenskt mál betur en nokkur annar Íslendingur, fyr eða síðar, varði miklu af orku sinni mjög á annan veg en höfðingjar þeir sem keptu við hann um völdin. En orka jafnvel þeirra, sem af mestu hafa að taka, er þó ekki takmarkalaus. Auk þess voru menn eins og Gissur Þorvaldsson og Kolbeinn ungi, grimmir og vægðarlausir, en það var Snorri ekki.

III.

Um aldamótin 1100 var hjer á landi að minsta kosti helmingi fleira fólk en 700 árum síðar, eða um aldamótin 1800. Slíks eru ekki dæmi um neina Norðurálfupjóð, og sýnir það glögglega, að land vort hefir á köflum komist mjög nálægt því að vera óbyggilegt. Óhemju fjöldi fór hjer í sjóinn af því að skipakostur þjóðarinnar var svo lítilfjörlegur. Margir drukuðu í ám af því að engar voru brýrnar, fjöldi varð úti af því hversu vegir voru illir og ónógir, ennþá miklu fleiri mistu heilsuna af því hversu húsakynnin voru ófullnægjandi, og enginn kostur á að hita þau sem þurfti. Það er ekki lengra síðan en hálf öld, að einum 20,000 kr. var ár hvert

varið til vegagerðar, og það þurfti hreint og beint hetjudug til að komist yrði um brúargerð, fram úr því sem verið hafði hjer á landi á 12. og 13. öld.

En þrátt fyrir alt þetta, þrátt fyrir það, að íslensku þjóðinni mátti nálega líkja við skipbrotsmenn á flaki, komu hjer fram, einsog hinn ágæti ameríski landfræðingur Ellsworth Huntingdon hefir svo drengilega bent á í bók sinni *The Character of Nations*, fleiri merkismenn að tiltölu við mannfjölda heldur en hjá miklu stærri þjóðum í miklu betri löndum. Svo vel hafði verið til þjóðarinnar vandað. Og það er mjög eftirtæktarverð bending um menningarstig mannkyns vors, að jafnvel þeim þjóðum sem íslensku þjóðinni áttu mikla þakkarskuld að gjalda, skyldi aldrei koma til hugar að rjetta þessu fólki sem þó bersýnilega var svo merkilegt efni í, þá hjálparhönd, sem til þess þurfti, að íslenskt atgjörvi ætti ekki eins erfitt uppdráttar, og ekki yrðu hjer eins margir úti, bæði í eiginlegri merkingu þess orðs og óeiginlegri. En ekki má þó gleyma því, að það voru að miklu leyti vanmet þjóðarinnar sjálfrar á sínum eigin afbragðsmönnum, sem því ollu, að íslenska þjóðin öll var í öðrum löndum vanmetin, og mestan þátt áttu í því að tefja fyrir framförum og spilla framtíð þjóðarinnar.

IV.

En þrátt fyrir þetta allt saman, er þó svo komið nú, að ágætur Breti, Adam Rutherford, hefir spáð því, að íslenska þjóðin eigi mikla og glæsilega framtíð fyrir höndum, svo glæsilega, að land vort muni jafnvel verða kallað landið helga. Segir Rutherford þó, að þetta muni ekki verða fyrir en að undangengnum stórtíðindum ekki góðum. Og er að vísu, einsog menn vita, sá hluti spádómsins farinn að rætast. Og er það í augum uppi, að hinn síðari hluti spádómsins, góðspáin, getur ekki sannspá reynst, nema það verði lýðum ljóst, að íslenska þjóðin getur fengið meiri þýðingu fyrir allt mannkyn, en áður hefir þótt líklegt, eða jafnvel hugsanlegt.

Minning Snorra Sturlusonar er oss dýrmæt einnig vegna þess, að það ætti að geta stutt verulega að hinum rjetta skilningi á þýðingu þjóðarinnar, að annar eins höfuðsnillingur og Snorri, skyldi íslenskur vera.

21. sept.

Helgi Pjeturss.

1941